

# STJÓRNARTÍÐINDI B 121 – 2000

13. nóvember 2000

2393

Nr. 838

## AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði í Grófinni frá Geirsgötu að Tryggvagötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 13. nóvember 2000.*

Böðvar Bragason,

**e.u Ingimundur Einarsson.**

14. nóvember 2000

Nr. 839

## AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag í Flatey á Breiðafirði, Reykhólahreppi.**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Reykhólahrepps þann 20. október 2000 samþykkt deiliskipulag fyrir Tröllaenda í Flatey. Deiliskipulagið nær til staðsetningar olúbirgðastöðvar og rafstöðvarhúss á Tröllaenda í Flatey á Breiðafirði. Tillagan er í samræmi við gildandi aðalskipulag 1990-2010 en þar er gert ráð fyrir iðnaðar- og þjónustusvæði á Tröllaenda í Flatey. Austurhluti Flateyjar á Breiðafirði ásamt nálægum hólum er friðaður samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 47/1991. Fyrirhuguð mannvirki eru utan verndarsvæðisins.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Reykhólum, 14. nóvember 2000.*

**Jóna Valgerður Kristjánsdóttir** sveitarstjóri.

9. nóvember 2000

Nr. 840

## AUGLÝSING

**um skipulag í Eyjafjarðarsveit.**

*Breytt deiliskipulag – Leifsstaðir.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundahúsabyggð í landi Leifsstaða. Breytingin felur m.a. í sér fækkun lóða, nýja vegtengingu og leyfi fyrir byggingu tveggja íbúðarhúsa við norðaustur mörk svæðisins.

Tillaga þessi, sem hefur verið auglýst og yfirfarin af Skipulagsstofnun eins og lög gera ráð fyrir, er nú auglýst til að taka þegar gildi, sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

*Deiliskipulag – Hrafnagil.*

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt deiliskipulag fyrir byggingarreit sunnan og vestan heimavistarhúss Hrafnagilsskóla. Skipulagið gerir ráð fyrir byggingu rað- og parhúsa á einni hæð, samtals 12 íbúðum.

Tillaga þessi, sem hefur verið auglýst og yfirfarin af Skipulagsstofnun eins og lög gera ráð fyrir, er nú auglýst til að taka þegar gildi, sbr. 3. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

*Eyjafjarðarsveit, 9. nóvember 2000.*

F.h. Eyjafjarðarsveitar,

**Bjarni Kristjánsson.**

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag Reynifellskróks, Rangárvallahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 5. október 2000 samþykkt deiliskipulag Reynifellskróks, í landi Reynifells.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem kallast Reynifellskrókur og er sumarhúsasvæði í landi Reynifells.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 17. nóvember 2000.*

F.h. hreppsnefndar Rangárvallahrepps,

**Guðmundur Ingi Gunnlaugsson** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

### um embættisafgreiðslur byggingafulltrúans á Akranesi.

1. gr.

Byggingafulltrúinn á Akranesi afgreiðir, án staðfestingar bygginganefndar, mál er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með síðari breytingum, og skilgreind eru sem verkefni bygginganefnda í lögunum.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingafulltrúi og getur hann gefið út byggingaleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunar- og skipulagsskilmálum og öðrum samþykktum Akraneskaupstaðar um byggingamál.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingafulltrúa skulu lagðar fram á næsta reglulega fundi bygginganefndar og bókaðar í fundargerð og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir skv. IV. kafla skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.